

## Fundargerð

166. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 1. október 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Fjárhagsáætlun 2015.**

Fjárhagsáætlun 2015 var kynnt. Laun og launatengd gjöld eru rauntölur og hækkanir vegna kjarasamninga (sem eru lausir á árinu 2015) eru ekki reiknaðar inn í fjárhagsáætlun; líkt og gert er í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þannig má gera ráð fyrir að uppfæra þurfi bæði fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og ársins 2015 vegna endurnýjunar á kjarasamningum. Fjárhagsáætlun 2015 gerir ráð fyrir 5,33% hækkun frá árinu 2014; með fyrirvara um leiðréttingar vegna kjarasamninga á árinu 2014 og 2015.

Þá var rætt um kosti og galla nógildandi fyrirkomulags varðandi bókhald, fjárreiður og aðra þjónustu sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra kaupir af Akureyrarbæ.

3. **Væntanlegur aðalfundur SHÍ (Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi) og væntanlegur haustfundur heilbrigðisfulltrúa.**

Aðalfundur SHÍ og árlegur samráðs- og fræðslufundur heilbrigðisfulltrúa verður haldinn 20. og 21. október n.k. í Reykjavík. Helstu verkefni SHÍ og fyrirkomulag haustfundar var kynnt. Í seinni tíma hefur SHÍ tekið að sér að veita ráðuneytum og stofnunum umsagnir vegna breytinga í laga- og regluverki. Á haustfundi heilbrigðisfulltrúa eru gjarnan tekin fyrir raunveruleg og tilbúin verkefni til úrlausnar og þess utan haldnir fyrirlestrar um þau málefni sem eru brýn á hverjum tíma.

4. **Ný efnalög; álitamál um framkvæmd eftirlits.**

Skýrt var frá reynslu af nýlegum efnalögum og álitamálum sem hafa komið upp varðandi framkvæmd eftirlits; fram kom að fyrirhugað er að endurskoða efnalög í ljósi fenginnar reynslu og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga leggur áherslu á saman fari eftirlit, eftirfylgni, þvingunarúrræði og gjaldtökuheimildir.

### Umsagnir:

1. **Skipulagslýsing breytingar aðalskipulags Norðurbings vegna landfyllingar í norðurhöfn á Húsavík.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi lagði fram teikningar og gögn vegna áforma um landfyllingar í norðurhöfn á Húsavík og kynnti athugasemdir og ábendingar vegna þessa.

## Umsóknir um starfsleyfi:

1. ISAVIA ohf., kt. 550210-0370, Akureyrarflugvelli. Æfingasvæði slökkviliðs. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt.**
2. GPO ehf., kt. 500609-0360, Súluvegi 2, 600 Akureyri. Endurnýting úrgangs. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt með fyrirvara um afgreiðslu framkvæmdaleyfis.**
3. Hvammsfiskur ehf., kt. 440614-0430, Ægisgötu, 630 Hrísey. Fiskvinnsla. Nýtt starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Afgreiðslu frestað.**
4. Mublur ehf., kt. 451113-0620, Brekkugötu 13. Trésmíðaverkstæði. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**
5. Umsókn Andreu Regula Keel kt. 210976-2219, um starfsleyfi vegna útleigu á 3 íbúðum að Gránufélagsgötu 43, Akureyri. **Samþykkt.**
6. Umsókn Snorra Leifssonar kt. 261062-5429 um rekstrarleyfi vegna útleigu á íbúð að Lundargötu 6, Akureyri. **Samþykkt.**
7. Umsókn Rek-Holding ehf kt. 650808-2580 um rekstrarleyfi vegna útleigu á íbúð 406 að Hafnarstræti 81, Akureyri. **Samþykkt.**
8. Umsókn Vilhelms Jónssonar kt.090258-4519, vegna útleigu á íbúð 301 og íbúð 207 að Hafnarstræti 81, Akureyri. **Samþykkt.**
9. Daggæsla á Eiðsvallaróló, við Eiðsvöll, 600 Akureyri. Rekstraraðilar: Rósa Knútsdóttir kt. 200659-4739, Dalsgerði 6d, 600 Akureyri og Valborg Henrysdóttir kt. 211176-3349, Dalsgerði 6d, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Daggæsla á Lundaróló, við Skógarlund, 600 Akureyri. Rekstraraðilar: Kolbrún Jónsdóttir kt. 021081-5159, Hamratún 38, 600 Akureyri og Anna Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir kt. 031182-3369, Skarðshlíð 21, 603 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Lyftingaráð Akureyrar, kt. 631080-0309, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, fyrir kraftlyftingar/lyftingar, vaxtarækt, mótahald og félagsstarf. F.h. lyftingaráðs Akureyrar, Grétar Skúli Gunnarsson, formaður. **Samþykkt.**
12. Sambýlið Hafnarstræti 28 og 30 kt. 660710-0350. Sjö þjónustuíbúðir fyrir fatlaða einstaklinga. F.h. Búsetudeildar Akureyrarbæjar, Arna Jakobsdóttir, forstöðumaður sambýlisins. **Samþykkt.**
13. Dansskólinn, STEPS dancecenter, kt. 680714-0290, Tryggvabraut 24, 600 Akureyri, F.h. STEPS dancecenters, Eva Reykjalín. **Samþykkt til 6 mánaða.**

## Önnur mál:

-Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti málefni er varðar gólfefni og hálkuvarnir í sundlaug , hljóðvist í skólum og önnur málefni sem voru til umfjöllunar á vinnufundi heilbrigðisfultrúa nýverið (hollustuháttahópur).

-Hafsteinn H. Gunnarsson og Kristín Halldórsdóttir skýrðu frá vinnu við siðareglur og var ákveðið að senda fulltrúum í heilbrigðisnefnd drög að siðareglum til kynningar og umfjöllunar.

-Almennar umræður og kveðjustund vegna þeirra sem hætta störfum í heilbrigðisnefnd og þeim þakkað gott samstarf.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

---

Sigurjón Jóhannesson

---

Þorkell Björnsson

---

Birna Jóhannesdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Hafsteinn H. Gunnarsson

---

María Markúsdóttir

---

Steinn Karlsson

---

Jón Torfi Halldórsson

---

Kristín Halldórsdóttir